

# Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

## 1. grein

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

## 2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

## 3. grein

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga.

## 4. grein

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundraðshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótækna, nú 7%, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni.

## 5. grein

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári. Umsóknir, á þar til gerðu eyðublaði, þurfa að berast til og með 1. apríl og til og með 1. október. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun. Fyrir hverja úthlutun skal sjóðsstjórn auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og í fjölmiðla. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupp hæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

## 6. grein

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefna hreyfingarinnar.

## 7. grein

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 12 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

## 8. grein

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í skýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á sambandsþingi og sambandráðsfundi.

## 9. grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

## 10. grein

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða.

**Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.**